

Námsáætlun fyrir íslensku - 2. bekkur

skólaárið 2024-2025



Kennari: Harpa Rún Gunnarsdóttir og Þórunn Sandra Sveinsdóttir

Tímafjöldi: 7 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Tjáning	- Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi - Tjáð hugsanir og skoðanir sínar og sett þær fram á viðeigandi hátt - Tjáð sig með aðstoð leikrænar tjáningar frammi fyrir hópi. - Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið. - Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska - Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni. - Lært nokkrar vísur og ljóð utanbókar.	- Nemendur lesa upp sögur og texta eftirsjálfá sig og aðra. - Lesið er daglega fyrir nemendur. - Nemendur eru hvattir til að tjá sig frammifyrir bekkjarfélögum, segja sögur og taka þátt í samræðum. - Nemendur eru hvattir til að tala skýrt og áheyrilega. - Innlögn - Umræður - Hlustun - Sýnikennsla	
Málfræði	- Gert grein fyrir samheiti. - Gert grein fyrir andheiti. - Gert grein fyrir sérnöfnum. - Greint sérhljóða. - Greint samhljóða. - Greint samsett orð. - Greint bókstafi, hljóð, orð og málsgrein. - Raðað í stafrófsröð. - Gert sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði	- Innlögn - Umræður - Sýnikennsla - Verkefnavinna - Hópavinna - Einstaklingsvinna - Stöðvavinna	Leiðsagnarmat jafnt og þétt yfir skólaárið Vormat
Lesskilningur	- Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og svara spurningum úr honum. - Lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum - Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess - Afla sér upplýsinga úr ýmsum gagnabrunnum	- Fjölbreytt lesskilningsverkefni. - Aðallega er stuðst við hljóðaaðferðina en aðrar aðferðir eru notaðar með í bland.	

Lesfimi	• Lesið 40 – 100 orð á mínútu. • Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og sem hæfir lestrargetu. • Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.	• Heimalestrarbækur • Yndislestrarbækur	Leiðsagnarmat jafnt og þétt yfir skólaárið Lesfimiþróf í September, janúar og maí
Ritun	• Dregið rétt til stafs. • Stafsett rétt. • Byrjað setningu á stórum staf og endað á punkti. • Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda. • Samið titil á sögu. • Samið upphaf sögu. • Samið meginmál sögu. • Samið niðurlag sögu. • Samið texta frá eigin brjósti. • Þjálfast í hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap. • Haldið rétt á skriffærum. • Hæð stafa jöfn. • Haft jafnt og hæfilegt bil á milli stafa. • Haft jafnt og hæfilegt bil á milli orða. • Stafir sitja á línu.	• Innlögn • Umræður • Sýnikennsla • Einstaklingsvinna • Hópavinna • Stöðvavinna	
Lykilhæfni: • Hlustað eftir upplýsingum og rökum í samræðum. • Greint milli staðreynda og skoðana. • Unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á. • Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum.			
Námsgögn: Lestrarbækur með og án vinnubóka við hæfi hvers og eins. Lestrarandið- Orðasafnið mitt – Skrift 1 – Góður, betri, bestur 2a – Ritrún 1 og 2 Stílabók og sögubók notuð við ritun. Ýmis ljósrit og efni frá kennara. Íslenskuforrit inn á mms.is.			
Lokanámsmat: Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námimeð fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.			

